

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Gilsbakka/Öldubakka/Dalsbakka í Hvolhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hvolhrepps breytt deiliskipulag við Gilsbakka/Öldubakka/Dalsbakka á fundi sínum 14. febrúar 2002.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir stækkun á byggingarreitum. Raðhúsalóðir við Öldubakka breytast í parhúsalóðir. Við Gilsbakka 8, 10 og 23 má byggja parhús eða einbýlishús. Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag fyrir sama svæði frá 9. september 1999.

Hvolsvelli, 25. mars 2002.

F.h. sveitarstjórnar Hvolhrepps,

Hrafn Jóhannsson byggingarfulltrúi.